

Kristín Bjarnadóttir (1925-2020), húsfreyja

Afhending 2021/52

Kristín Bjarnadóttir fæddist 5. janúar 1925 á Völlum í Skagafirði. Foreldrar hennar voru Bjarni Halldórsson (1898-1987) og Sigurlaug Jónasdóttir (1892-1982) bændur á Uppsölum í Skagafirði þar sem Kristín var alin upp.

Kristín, sem var næstelst 7 systkina, fór í barnaskóla í Sólheimagerði og um tvítugt stundaði hún nám við Húsmæðraskólann á Laugalandi í Eyjafirði.

Árið 1948 giftist Kristín Maroni Péturssyni (1919-2000) frá Svarfaðardal. Árið 1951 fluttu þau í Ásgeirsbrekku í Skagafirði en brugðu búi árið 1966 og fluttu á Sauðárkrók, þar sem þau bjuggu upp frá því.

Frá 1966 starfaði Kristín á Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, lengst í þvottahúsinu. Auk þess drýgði hún tekjurnar með ýmsu handverki, meðal annars saumaði hún svokallaða Hagkaupssloppa meðan hún bjó enn í Ásgeirsbrekku, var fengin til að vefa rúmteppi á lokrekkjur á Reynisstað og þrjónaði sokka og vettlinga.

Kristín lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki 24. maí 2020.

Afhendingin barst frá Haraldi Þór Egilssyni starfsmanni á Minjasafninu á Akureyri. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

21. júní 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 52

A - Kristín Bjarnadóttir

A - Kristín Bjarnadóttir

1943 - 1945

| | | | | |
|---|---|---|-------------|------------------------------|
| A | 1 | 1 | 1943 - 1944 | Póesibók frá Laugalandsskóla |
| A | 1 | 2 | 1944 - 1945 | Póesibók frá Laugalandsskóla |
| A | 1 | 3 | 1945 - 1945 | Póesibók frá Laugalandsskóla |